

Miðvikudaginn 11. maí 1994.

Nr. 131/1994.

Ákærvaldið

(Egill Stephensen saksóknari)

gegn

Huga Runólfi Ingibjartssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Áfengislög. Upptaka. Fésekt felld niður. Skilorðsrof.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Mál þetta var rekið fyrir héraðsdómi samkvæmt 125. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, enda játaði ákærði sakargiftir. Líta verður svo á, að ákærði hafi áfrýjað málinu til Hæstaréttar einvörðungu til endurskoðunar á refsíákvörðun og lagaatriðum. Af hálfu ákærvalds var málinu skotið til Hæstaréttar með stefnu 1. mars 1994 til þyngingar á refsingu og staðfestingar á upptöku.

Staðfesta ber úrlausn héraðsdómara um fyrningu og færslu til refsíákvæða. Í samræmi við ákæru verður ákærða einungis gerð refsing fyrir framleiðslu 98 lítra af áfengi.

Með vísan til þess, að ákærði hefur tvívegis áður gerst sekur um brot gegn 7. gr. og 18. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. 2. gr. laga nr. 38/1988, og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdómara þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 3 mánaða fangelsi. Samkvæmt 3. mgr. 33. gr. áfengislaga, sbr. 5. gr. laga nr. 52/1978, varðar brot gegn 7. gr. laganna fangelsi auk sektar, þegar svo stendur á, að áfengi er ætlað til sölu eða veitinga gegn gjaldi og brot er margítrek- að eða að öðru leyti stórfellt. Í 1. mgr. sömu greinar eru hins vegar almenn refsíákvæði, sem kveða á um, að brot gegn lögnum varði sektum, varðhaldi eða fangelsi. Ákvæði 49. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 heimila, að fésekt sé beitt jafnframt refsivist, þegar svo stendur á, að ákærði hefur aflað sér fjárvinnings með broti eða það hefur vakað fyrir honum. Ákærði er hvorki ákærður fyrir áfengissölu né að hann hafi framið brotin í ávinningsskyni. Eru því ekki lagaskilyrði til að dæma hann til greiðslu fésektar jafnframt refsivist.

Með vísan til 8. gr. áfengislaga, sbr. 3. gr. laga nr. 38/1988, ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdómara um upptöku.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Hugi Runólfur Ingibjartsson, sæti 3 mánaða fangelsi.

Staðfest eru ákvæði héraðsdóms um upptöku og sakarkostnað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 15.000 krónur, og málsvarnarlauð skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmans, 15.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 18. febrúar 1994.

Ár 1994, föstudaginn 18. febrúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sverri Einarssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 92/1994: Ákærvaldið gegn Huga Runólfi Ingibjartssyni, sem tekið er til dóms samdægurs.

Málið er höfðað fyrir dómnum með ákæruskjali lögreglustjórans í Reykjavík, dagsettu 7. febrúar sl., á hendur ákærða, Huga Runólfi Ingibjartssyni, kt. 251265-5189, áður að Ásbúð 85 í Garðabæ, nú að Skálateigi 2 í Neskaupstað.

Í ákærinni segir, að málið sé höfðað á hendur ákærða „fyrir eftirtalin brot gegn áfengislögum:

1. fyrir að hafa snemma árs 1992 að Garðhúsum 2, Reykjavík, bruggað 40 lítra af áfengi og eimað af því 8 lítra af sterku áfengi,

2. fyrir að hafa í júlí 1992 að Garðhúsum 2, Reykjavík, bruggað 150 lítra af áfengi og eimað af því 30 lítra af sterku áfengi,

3. fyrir að hafa í desember 1992 að Garðhúsum 2, Reykjavík, bruggað 300 lítra af áfengi og eimað af því 60 lítra af sterku áfengi.

Telst þetta varða við 7. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. 5. gr. laga nr. 52/1978 og 2. gr. laga nr. 38/1988 um breytingar á þeim lögum.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til að sæta upptöku samkvæmt 8. gr. nefndra áfengislaga og 69. gr. almennra hegningar-

laga nr. 19/1940 á eftirtöldu áfengi og áhöldum, sem lagt var hald á við rannsókn málsins:

- 8 lítrum af heimalöguðu, sterku áfengi,
- tveimur tómmum 200 lítra plasttunnum,
- einni hvíttri 40 lítra plasttunnu,
- einni blárrí 25 lítra plasttunnu,
- einni blárrí 20 lítra plasttunnu,
- eimingartækjum úr málmi, ca. 160–170 lítra,
- tveimur kolasíum úr plaströrum“.

Með skýlausri játningu ákærða, sem er í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, er sannað, að ákærði hefur framið þau brot, sem honum eru gefin að sök, og skiptir eigi máli í því efni samkvæmt 1. tl. 117. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, þó að ártalið 1991 eigi að vera í 3. lið ákærunnar, en ekki ártalið 1992, en í þessu efni þykir bera að leggja til grundvallar framburð ákærða um þetta. Eru brot ákærða rétt færð til refsí-ákvæða í ákæru.

Samkvæmt sakavottorði ákærða var hann dæmdur 28. maí 1991 í 30 daga varðhald, skilorðsbundið í 3 ár, og 200.000 króna sekt fyrir brot á 1. mgr. 7. gr. og 18. gr. áfengislaga og jafnframt til að sæta upptöku á efnum og tækjum til áfengisgerðar. Þá var ákærði dæmdur nær ári síðar til að sæta upptöku á tækjum til áfengisgerðar, sem hald hafði verið lagt á hjá öðrum aðila vegna fyrra málsins, en voru í eigu ákærða. Loks hefur ákærði þrívégis gengist með dómsátt undir sektargreiðslur, fyrst í nóvember 1982 fyrir brot á 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga, næst í mars 1990 fyrir brot á 7. gr. og 18. gr. áfengislaga og síðast í nóvember 1990 fyrir brot á 1. mgr. 5. gr. umferðarlaga.

Verjandi ákærða heldur því fram, að sakir samkvæmt 1. og 3. tl. ákæru séu fyrndar. Dómurinn hafnar þessu, enda hámark refsingar 6 ára fangelsi samkvæmt áfengislögum og refsing í máli þessu fer fram úr sektum vegna sakaferils ákærða.

Við ákvörðun refsingar ákærða nú verður höfð hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga og samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955, verður hin skilorðsbundna varðhaldsrefsing ákærða samkvæmt dóminum frá 28. maí 1991 felld inn í refsinguna, en ákærði hefur rofið skilorð dómsins, ekki einu sinni, heldur þrívégis. Hins vegar þykir við ákvörðun refsingar bera að taka tillit til þess, að langt er um liðið síðan brotin voru framin, en þau komust upp fyrir ári, og að ákærði hefur gengist greiðlega við brotum sínum. Með hliðsjón af þessu öllu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 60 daga varðhald og 300.000 króna sekt, sem

greiðist innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins að telja, en ella sæti ákærði varðhaldi í 45 daga í stað sektarinnar.

Þá ber, svo sem krafist er í ákæru og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er þar greinir, að gera upptækt það sterka áfengi og tæki til áfengisgerðar, sem lagt var hald á hjá ákærða við rannsókn málsins og nánar er lýst í dómsorði.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. tl. 165. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með taldar 20.000 krónur í þóknun til skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Hugi Runólfur Ingibjartsson, sæti varðhaldi í 60 daga.

Ákærði greiði 300.000 króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins að telja, en sæti ella varðhaldi í 45 daga.

Ákærði skal sæta upptöku til ríkissjóðs á 8 lítrum af heimalöguðu sterku áfengi, fimm plasttunnum, eimingartækjum úr málm og tveimur kolasíum úr plaströrum.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með taldar 20.000 krónur í þóknun til skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns.
